

VÍ – mr dagurinn

Þessa vikuna hefur Málfundafélag skólans staðið fyrir ýmsum uppákomum á Marmoranum, allt frá kappáti til klappliðsfundar. Tilfnið er að föstudaginn 2. október munu nemendur Verzlunarskólans etja kappi við nemendur Menntaskólans í Reykjavík á svokölluðum VÍ-mr degi (sem MR-ingar kalla MR-ví daginn). Þessi dagur á sér áratuga langa sögu en upphaf hans má rekja til mikils rígs á milli skólanna, sérstaklega þegar VÍ var við Grundarstíg. Til þess að ná tökum á þessum rígi og viðhalda honum eftir að VÍ flutti í Ofanleitið ákváðu nemendafélög skólanna að virkja hann í þágu skemmtanagildis.

Samkvæmt hefð munu nemendur skólanna mætast í keppni og þrautum í Hljómskálagarðinum um klukkan 15:00. Hápunktur dagsins er ræðukeppni sem fram fer í Bláa sal hér í Verzló klukkan 19:00 (húsið verður opnað 18:00).

Með henni lýkur formlegri dagskrá á vegum skólanna og er rétt að ítreka að engar frekari skemmtanir eða veisluhöld eru á ábyrgð nemendafélagsins eða skólans.

Rétt er að benda foreldrum og forráðamönnum á að ef þið hafið vitneskju um ólöglegar skemmtanir eða parti getið þið haft samband við lögreglu til þess að stöðva/koma í veg fyrir slíkar samkomur.



Síðasta ball

Á nýnemaballinu blésu 727 af 1700 ballgestum á í áfengismæli. Það þýðir að 42,7% nemenda höfðu ekki bragðað áfengi fyrir ballið. Þessar tölur eru sambærilegar við þau markmið sem við höfum sett okkur. Við vitum ekki til þess að aðrir skólar mæli ölvun nemenda með þessum ætti og getum því ekki borið niðurstöðurnar saman við aðra. Við erum nokkuð sátt við árangurinn enda miðar okkur áfram í að draga úr ölvun á dansleikum skólans. Hornsteinninn að þessum árangri er góð samvinna foreldra og skóla þar sem báðir aðilar vinna samtaka að jákvæðum lífstílsbreytingu innan nemendafélagsins.



Heimsóknir á sal

Undanfarin ár hefur hið svokallaða óformlega skólastarf tekið á sig skýrari mynd og fengið meira vægi innan skólasamfélagsins. Með óformlegu skólastarfi er átt við fræðslu sem fram fer utan kennslustofunnar og miðar að því að fræða nemendur um ýmislegt sem ekki er í áfangalýsingum en miðar að því að gera nemendur gagnrýnni á umhverfi sitt og betur í stakk búin til þess að taka þátt í almennri umræðu. Við fengum Gísla Einarsson og Sigríði Víðis Jónsdóttur, upplýsingafulltrúa UNICEF til okkar og

fjölluð þau um málefni flóttafólks. Einnig kom Þórgunnur Ársælsdóttir, geðlæknir, í heimsókn og ræddi við nemendur um geðheilbrigði unglunga. Miðvikudaginn 14. okt. fá nemendur fyrirlestur frá ungmennaráði UNICEF og sjá stuttmyndina Heilabrot sem á að varpa ljósi á úrræðaleysi í geðheilbrigðismálum barna og unglunga og vinna gegn þeim fordómum sem ungmenni með geðraskanir upplifa. Viðburðirnir eiga það allir sammerkt að nemendur standa að þeim og eiga þeir mikið hrós skilið fyrir frumkvæði sitt.

Dagsetningar prófa

Drög að próftöflu haustannar verða lögð fyrir hagsmunaráð nemenda í næstu viku en öruggar dagsetningar eru að próf í 4. – 6. bekk hefjast 27. nóvember og þeim lýkur með sjúkraprófi 14. desember. Próf hjá 1. árs nemendum hefjast 4. desember og þeim lýkur með sjúkraprófi 14. desember. Nemendur munu geta séð einkunnir sínar í Innu föstudaginn 18. desember og verður prófsýning sama dag.

